

## 9. fundur veitustjórnar haldinn fimmtudaginn 26. september 2019 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Elsa Ingjaldsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir, Þröstur Jónsson, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

### 1. Umsókn um kalt vatn á Kópavatn.

Lögð var fram umsókn Þórs og Mörtu á Kópavatni um tengingu við kaldvatnsveitu sveitarfélagsins. Veitustjórn samþykkir erindið og felur veitustjóra að útfæra málið. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir verði á árinu 2020.

### 2. Umsókn um kalt vatn í landi Reykjahlíðar.

Lögð var fram umsókn Braga Vilhjálmssonar um tengingu við kaldvatnsveitu sveitarfélagsins í sumarhús og íbúðarhús úr landi Reykjahlíðar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Veitustjórn samþykkir erindið enda greiði umsækjendur allan kostnað af framkvæmdinni og tengigjöld í húsin.

### 3. Endurnýjun á tækjabifreið Hitaveitunnar.

Hannibal fór yfir tvö tilboð í endurnýjun á tækjabifreið Hitaveitunnar frá 100 Bílar og IB. Meiri hluti veitustjórnar samþykkir að taka tilboði frá IB bílum og felur veitustjóra að ganga frá kaupunum. Um er að ræða nýjan Ford að fjárhæð kr. 11.3 millj. auk tækjakassa að fjárhæð kr. 1,4millj. eða samtals 12,7 með VSK. Á móti myndi eldri bifreið veitunnar vera tekin upp í á 4,0 millj. m/VSK. Milligjöf myndi þá verða kr. 8,7millj. m/VSK eða um 7 millj. án VSK.

Bjarney og Þröstur samþykkja ekki kaupin og hefðu viljað sjá tilboð í bifreiðar af mismunandi stærð, gerð og verðflokkum. Þar sem Ford 350 er þungur, kostnaðarsamur í rekstri og samræmist ekki umhverfisstefnu um minna kolefnisfótspor. Teljum við að fjármunum veitunnar sé betur varið í uppbyggingu eða lækun gjalda.

### 4. Fundur vegna vatnsveitumála með Bláskógabyggð.

Lögð var fram fundargerð fundar sem haldinn var með Bláskógabyggð, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi og Flóahreppi út af vatnsveitumálum. Til skoðunar er að kanna möguleika þess að leggja sameiginlega lögn úr Fljótsbotnum í Bláskógabyggð sem gæti nýst vatnsveitum sveitarfélaganna. Veitustjórn er jákvæð gagnvart verkefninu og samþykkir að taka þátt í forvinnu og skipar veitustjóra í starfshóp um það verk.

### 5. Notkun á köldu vatni í sumar.

Hannibal fór yfir notkun á köldu vatni það sem af er ári. Fram kom að mikið álag var á veituna og námu hæstu notkunartopparnir í sumar 50 l/sek. Þá gáfu vatnsból eftir en eftir haustrigningar virðast þau náð jafnvægi aftur. Eftir lið 5 þurfti Elsa að fara af fundi.

### 6. 8 mánaða uppgjör Hitaveitu Flúða.

Lagt var fram 8 mánaða uppgjör Hitaveitu Flúða vegna ársins 2019. Jón og Hannibal fóru yfir helstu liði uppgjörins. Rekstur hitaveitunnar er í góðu jafnvægi.

**7. Stöðuyfirlit á rekstri vatnsveitu.**

Lagt var fram stöðuyfirlit úr bókhaldi Hrunamannahrepps um rekstur á vatnsveitu ársins 2019.

**8. Stöðuyfirlit á rekstri fráveitu.**

Lagt var fram stöðuyfirlit úr bókhaldi Hrunamannahrepps um rekstur á fráveitu ársins 2019.

**9. Stöðuyfirlit á Hrunaljóss.**

Lagt var fram stöðuyfirlit úr bókhaldi Hrunamannahrepps um rekstur Hrunaljósi á árinu 2019.

Rekstur Hrunaljóss er enn í mótun.

**10. Yfirlit veitustjóra.**

Hannibal fór yfir framkvæmdir sumarsins og stöðu á þeim.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 17:15.